

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2010**

Skýrsla stjórnar

Breytingar voru gerðar á stjórn Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps eftir sveitastjórnarkosningar síðastliðið vor en hana skipa í dag:

Lárus Heiðarsson Formaður, Droplaugarstöðum
Sigmar Ingvason Ritari, Valbjófsstað 1
Eiríkur Kjerúlf Gjaldkeri, Arnheiðarstöðum

Stjórn sjóðsins fundaði 4 sinnum á árinu. Samtals bárust 12 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru þær allar samþykktar. Ráðstöfunarfé á árinu var 5.700.000 kr. og auk þess óráðstöfuð heimild frá fyrra ári 3.300.000 kr. samtals 9.000.000 kr.. Umsóknirnar voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 12. millj. króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn styrkur verði hærri en 2 milljónir króna. Þær umsóknir sem námu hærri fjárhæð en 600.000 kr skerðist styrkur þannig að 50% eru dregin af þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram þá tölu. Tekið er fram að þessi úthlutunarregla gildir aðeins fyrir þetta ár, en haga verður úthlutun hverju sinni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2010 varð 8.748.146 kr..

Framkvæmdir 2010

Eftirfarandi 12 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, hefta sandfok og til að binda gróðurhúsalofttegundir. Svæðin voru Gilsáreyri og Vallholtsháls.
- Hrafnkelsstaðir. Sáning, fræ og áburður, á Gilsáreyrai og Vallholtsháls. Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri ásamt bindingu gróðurhúsalofttegunda.
- Arnheiðarstaðir. Svæði neðan Þjóðvegur og auk þess nokkrir staðir í fjallinu. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Melar. Svæðið er fyrir ofan bæ. Áburðardreifing til styrkingar staðargróðurs.
- Sturluflöt. Styrking gróðurs og uppgræðsla á Flatarheiði með áburðargjöf.
- Brekkugeti. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Baulutanga og á svæðum ofan bæjar.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með 2009.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf á sama svæði og unnið var með 2009.

-Droplaugarstaðir. Dreifing úr gömlum heyrúllum í rofabörð og uppblásna mela ásamt áburðargjöf.

-Glúmsstaðir 1. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu á belgjurtum og öðrum landgræðslutegundum. Svæðið er úthagi.

-Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu.

-Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi 11 jörðum:

-Vallholt og Hrafnkelsstaðir. 12 tonn borin á 140 ha.

-Arnheiðarstaðir. 8 tonn af áburði borin á 26,2 ha.

-Melar. 8 tonn af áburði borin á 19 ha.

-Brekkuagerði. 6 tonn af áburði borin á 16 ha.

-Víðivellir Fremri. 7,8 tonn af áburði borin á 39 ha.

-Eyrarland. 8 tonn af áburði borin á 17 ha.

-Droplaugarstaðir Dreift úr gömlum heyrúllum á 0,7 ha.

-Glúmsstaðir 1,4 tonn af áburði og 250 kg af grasfræi borin á 2,3 ha

-Valþjófsstaður 2,5 tonn af áburði borin á 18 ha.

-Bessastaðagerði. 8,4 tonn af áburði borin á 40 ha.

Samtals var dreift 68 tonnum af áburði og 441 kg af grasfræi og smára á 320 ha. Lands, sem er að meðaltali 212 kg/ha. Öll svæðin eru undir 300 m.h.y.s.. Þess ber þó að geta að keypt voru að auki 36 tonn af áburði sem dreifa átti á Flatarheiði en vegna óviðráðanlegra orsaka náðist ekki að dreifa honum. Honum verður dreift árið 2011.

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps 2010

